

Erindi til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar  
Afrit sent á: bæjarstjóra og bæjarritara

Flateyri, 30. október 2020

Góðan dag,

Í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri æxluðust mál þannig að í Gunnukaffi varð eins konar fjöldahjálparstöð sem íbúar á Flateyri, fulltrúar sveitarfélagsins, almannavarnir, björgunarsveitir og aðrir aðilar sem að málum komu á Flateyri höfðu aðgang að dagana eftir snjóflóð. Ástæða þess að þetta varð með þessum hætti er sú staðreynd að almannavarnir sóttust eftir að setja þarna upp stjórnstöð sína dagana eftir snjóflóð auk þess sem ljóst má vera að grunnskólinn og vöntun á aðstöðu þar, þjónaði engan veginn sem fjöldahjálparstöð.

Þrátt fyrir matarsendingar og gjafir frá hinum ýmsu aðilum féll til talsverður kostnaður vegna innkaupa, vinnu, frágangs, þrifa, notkunar á aðstöðu og fleira á rekstur Gunnukaffis.

Í kjölfar þess að Ísafjarðarbær birti leiðbeiningar um meðferð kostnaðar sem féll á einstaklinga, samtök og fyrirtæki á Flateyri í kjölfar flóðanna sendi Gunnukaffi yfirlit til Ísafjarðarbæjar yfir téðan kostnað.

Í svörum frá þar til bærum aðilum hefur komið í ljós að ekki var tekið tillit til þessa kostnaðar sérstaklega þegar kostnaður var gerður upp gagnvart sveitarfélagi og þegar tekin var ákvörðun um að greiða ekki kostnað þann sem téðir aðilar urðu fyrir. Það skal tekið fram að þeir aðilar sem á svæðið mættu dagana eftir snjóflóð (er hér vitnað til ráðherra, bæjarstjóra, fulltrúa almannavarna, Landsbjargar og fleiri) minntust sérstaklega á að haldið yrði utan um téðan kostnað í því skyni að hann yrði greiddur af þar til bærum aðilum.

Í samtölum verkefnastjóra á Flateyri við hina ýmsu opinberu aðila hefur komið í ljós vilji til þess að rekstur Gunnukaffis verði ekki fyrir skakkaföllum vegna téðs kostnaðar, vilji til þess að kostnaðurinn fái greiddur. Nú síðast í samtali við bæjarritara og bæjarstjóra hefur komið fram vilji sveitarfélagsins til að greiða þennan kostnað.

Meðfylgjandi er umrætt yfirlit yfir þann kostnað sem féll á Gunnukaffi og var sent Ísafjarðarbæ í mars á þessu ári. Í yfirlitinu kemur fram hvernig kostnaðurinn varð til, þ.e. fjöldi þeirra máltíða sem ofangreindir aðilar höfðu aðgang að. Þess má geta að þá daga sem mest mæddi á Gunnukaffi voru yfir 100 manns í mat, allt að þrisvar sinnum á dag. Í yfirlitinu er ekki gert ráð fyrir kostnaði sem til féll vegna aukinna raforkunotkunar, bilunar á tækum sem varð vegna álags, þrifa, notkun á aðstöðu og annars sem féll til.

Hér með er óskað eftir að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar taki málið til umfjöllunar og afgreiðslu hið fyrsta.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gunnukaffis

Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólastjóri Lýðskólans á Flateyri  
Helena Jónsdóttir, verkefnastjóri á Flateyri